

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 17. febrúar 1998

um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/650/EBE um tilhögun tíma-
bundinnar tilraunar til sölu á fræi í lausu til notenda

(Texti sem varðar EES)

(98/174/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní
1966 um markaðssetningu fóðurjurtafræja ⁽¹⁾, eins og henni
var síðast breytt með tilskipun ráðsins 96/72/EBE ⁽²⁾,
einkum 13. gr. a,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/402/EBE frá 14. júní
1966 um markaðssetningu sáðkorns ⁽³⁾, eins og henni var
síðast breytt með tilskipun ráðsins 96/72/EB, einkum
13. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/650/EB ⁽⁴⁾ var
innleidd tímabundin tilraun á vettvangi bandalagsins í þeim
tilgangi að meta hvort sala á fræi í lausu til notenda gæti
stuðlað að lækkun kostnaðar í tengslum við pökkun,
umbúðaðefni og förgun án þess að það hefði óheppileg áhrif
á gæði fræsins miðað við þau gæði sem fást með núgildandi
kerfi.

Í ljósi þeirrar reynslu sem fékkst með tilrauninni, sem lýkur
31. desember 1997, er ekki hægt að staðfesta þessar
fullyrðingar á vettvangi bandalagsins enn sem komið er á
grundvelli þeirra upplýsinga sem liggja fyrir.

Það er því hagkvæmt að framlengja tímabil tilraunarinnar
með sömu skilyrðum í þeim tilgangi að meta hvort
áðurnefndar fullyrðingar standast á vettvangi bandalagsins.

Brýnt er að samfelldni tilraunarinnar verði ekki rofin.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í
samræmi við álit fastanefndarinnar um fræ og fjölgunarefni
í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í 4. mgr. 4. gr. ákvörðunar 94/650/EB kemur dagsetningin
30. júní 2000 í stað 31. desember 1997 á báðum stöðum.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 31. desember 1997.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. febrúar 1998.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ OJ 125, 11. 7. 1966, bls. 2298/66.

⁽²⁾ Stjútíð. EB L 304, 27. 11. 1996, bls. 10.

⁽³⁾ OJ 125, 11. 7. 1966, bls. 2309/66.

⁽⁴⁾ Stjútíð. EB L 252, 28. 9. 1994, bls. 15.